

Alþingi
Utanríkismálanefnd
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. apríl 2015

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu, þingskjal 1082, 626. mál.

Já Ísland vill aðild Íslands að Evrópusambandinu. Til þess að svo geti orðið þarf að leiða samningaviðræður við Evrópusambandið til lykta og bera síðan aðildarsamning undir dóm þjóðarinnar.

Aðild að Evrópusambandinu er umdeild. Hitt er síður umdeilt að ljúka beri aðildarviðræðum.

Þingsályktunartillaga sú sem hér er til umfjöllunar gerir ráð fyrir að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla 26. september 2015 um hvort halda skuli áfram aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið.

53.555, sem er 22% kosningabærra manna, hafa krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort ljúka bera viðræðum eða slíta. Áskorunin var afhent forseta Alþingis og fulltrúum allra þingflokka þann 2. maí 2014.

Fyrirætlan ríkisstjórnarinnar um að slíta viðræðum við Evrópusambandið gengur þvert gegn gefnum loforðum og kröfum um aðkomu þjóðarinnar að þessu mikilvæga máli.


Alþingi og ríkisstjórn ber skylda til þess að stíga varlega til jarðar og gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að ná fram sáttum.

Til þess er bara ein leið fær - að leggja málið í dóm þjóðarinnar.

Svarið verður skýr leiðarvísir um framhaldið.

Já Ísland styður eindregið þingsályktunartillöguna.

JÁ ÍSLAND



formaður